

# Utanríkisráðuneytið

## Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Sendandi: Utanríkisráðuneytið  
Dagsetning: 19.02.2024  
Málsnúmer: UTN24010442  
Bréfalykill: 03.I.200

Efni: Svar við upplýsingabeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um samskipti vegna efnistökuáforma á hafssvæðinu milli Íslands og Noregs

### Upplýsingabeiðnin

Utanríkisráðuneytinu barst upplýsingabeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis 23. janúar sl. þar sem óskað var eftir því að ráðuneytið greini nefndinni frá þeim bréfaskiptum sem eru birt í tengslum við samskipti vegna efnistökuáforma á hafssvæðinu milli Íslands og Noregs. Í samantekt rannsóknarþjónustu Alþingis er bréf frá utanríkisráðuneytinu, dags. 26. janúar 2023. Óskað er eftir upplýsingum um hvort frekari samskipti hafi átt sér stað varðandi þann hluta málsins og hvort svar hafi borist frá norska ráðuneytinu. Þá óskar nefndin eftir upplýsingum um hvort rétt sé að skilja eftirfarandi setningu í bréfinu á þá leið að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við aðra hluta áformanna: „As regards areas which genuinely lie on the continental shelf of Jan Mayen and the mainland of Norway, Iceland has no comments on the reports provided[...]“. Þar óskar nefndin eftir upplýsingum um samráð innan Stjórnarráðs Íslands, þ.e. hvernig og hvort utanríkisráðuneytið ráðfærði sig við fagráðuneytin, þ.e. umhverfis- orku, og loftslagsráðuneyti og matvælaráðuneyti, til að móta þá afstöðu sem fram kemur í bréfinu.

### Svar ráðuneytisins

Í beiðni nefndarinnar er vísað til diplómatiskrar nótu sem ráðuneytið sendi utanríkisráðuneyti Noregs 26. janúar 2023 vegna samráðsferlis við kortlagningu jarðefnaauðlinda á landgrunni Noregs. Ráðuneytinu barst ekkert svar við nóttunni og engin frekar samskipti hafa átt sér stað varðandi þann hluta málsins.

Í janúar á síðasta ári var undirbúningur Norðmanna vegna mögulegrar námuvinnslu neðansjávar á upphafsstigum, þ.e. ekki um nein eiginleg áform um vinnslu að ræða, og ákvað því ráðuneytið að takmarka viðbrögð sín við tvo punkta þjóðréttarlegs eðlis. Í fyrsta lagi að landgrunn Svalbarða sé ekki hluti af landgrunni Noregs, heldur hluti af sameiginlegu nýtingarsvæði á grundvelli Svalbarðasamningsins, og í öðru lagi að öll möguleg nýting auðlinda á landgrunni Noregs, sem liggur að landgrunni Íslands, verði að vera í fullu samræmi við samninga ríkjanna frá 2008 og 2019, en í samningunum er gerð krafa um samráð milli ríkjanna í slíkum tilvikum.

Þar sem ráðuneytið takmarkaði sig við tvo efnispunkta þjóðréttarlegs eðlis var ekki talin þörf á samráði við fagráðuneyti.